



Seyðisfjarðarskóli

## Brúnaáætlun Seyðisfjarðarskóla

Brúnaæfingar eru haldnar reglulega í samráði við slökkviliðsstjóra og er þá stuðst við eftirfarandi áætlun:

### Brúnaáætlun Gamla skóla

#### Aðalhæð:

1. Þegar heyrast í reykskynjara skipar kennari nemendum að sitja í sætum sínum en athugar sjálfur hvað er að gerast. Hann verður að meta hvort óhætt sé að fara út um aðaldyr eða hvort nota þurfi gluggana í stofunni.
2. Ef farið er út um aðaldyr, telur kennarinn börnin og lætur þau fara út í skipulegri röð og leggur áherslu á að skilja alla dauða hluti eftir. Ef farið er út um glugga opnar kennari gluggann, eða það barn sem situr næst hverjum glugga og fer það fyrst út, síðan börnin í röð hornrétt við gluggann. Nemendur eiga að fara strax í röð utan við gluggana, passa að enginn ryðjist og stærri krakkar eiga að hjálpa þeim minni. Kennarinn fer síðastur út og tekur kladdann með sér.
3. Nemendur fara strax út á Herðubreiðarplan. Hver bekkur raðar sér í stafrófsröð svo sjáist fljótt hvort einhver vantar og þá hvern. Kennari ber ábyrgð á þeim bekk sem hann var að kenna. Ef hann telur einvern vanta þá tilkynnir hann slökkviliði það, en fer ekki aftur inn í skólann sjálfur. Nemendur bíða á þessum stað þar til þeir fá leyfi til að fara.

#### Aðrar hæðir:

1. Þeir sem eru á 2. hæð, í sal, vinnuherbergi eða tölvuveri fara ekki fram á gang heldur í gegn um stofurnar út um brunadyr/brúnaútgang og niður brunastigann. Þeir sem eru á kennarastofu eða skólastjóraskrifstofu fara út um glugga þar. Nemendur fara strax út á Herðubreiðarplan og raðar sér í stafrófsröð. Ef einhver er niðri í kjallara, t.d. á klósettinu, fer hann út um kjallaradyr og hittir bekkinn úti á Herðubreiðarplani.
2. Ef einhver er uppi á háalofti á kaffistofu, þá fer hann út um glugga á gaflinum fyrir ofan brunastigann.



Seyðisfjarðarskóli

### Í frímínútum:

Nemendur sem eru í kjallara fara beint út um kjallaraútidyr og fara strax út á Herðubreiðarplan. Nemendur sem eru á aðalhæð fara út um aðaldyr og fara strax út á Herðubreiðarplan. Ef einhverjir nemendur eru á 2. hæð, fara þeir út um brunadyr samkvæmt áætlun og fara strax út á Herðubreiðarplan. Kennarar sem eru að vinna á 2. hæð athuga hvort nemendur eru í tölvuveri og koma þeim út á Herðubreiðarplan.

### **Brunaáætlun Nýja skóla**

#### Jarðhæð:

1. Þegar heyrir í reykskynjara skipar kennari nemendum að sitja í sætum sínum en athugar sjálfur hvað er að gerast. Hann verður að meta hvort óhætt sé að fara út um aðaldyr eða hvort nota þurfi gluggana í stofunni.
2. Kennari telur börnin og lætur þau fara út í skipulegri röð. Leggur áherslu á að skilja alla dauða hluti eftir. Ef nemendur fara út um glugga lætur kennarinn þann sem situr næst glugganum halda honum opnum fyrir þann sem fer fyrstur út. Sá nemandi heldur glugganum síðan opnum fyrir hina. Kennari fer síðastur út og tekur kladdann með sér.
3. Bekkirnir í stofum 12 og 15 fari beint niður á Herðubreiðarplan, en nemendur úr ytri stofunum, 13 og 14, fari út fyrir íþróttahús, niður með því utanverðu og síðan inn með Herðubreið inn á planið. Bekkirnir raða sér í stafrófsröð og kennari lætur slökkvilið vita ef einhvern vantar. Hvorki kennarar né nemendur fara inn í skólann aftur til að athuga um einhvern eða sækja eitthvað. Kennari ber ábyrgð á þeim bekk sem hann var að kenna þegar æfingin byrjaði. Nemendur bíða á staðnum þar til þeir fá leyfi til að fara.

#### Efri hæð:

1. Á efri hæð fara nemendur út á svalir á norðurenda skólahússins, setja niður stiga sem þar er, fara niður hann og beint þaðan á Herðubreiðarplan.
2. Raða sér í stafrófsröð á Herðubreiðarplani.



Seyðisfjarðarskóli

### Frímínútur:

Gangavörður ber ábyrgð á að koma þeim nemendum út sem kunna að vera á jarðhæð og sendir þá á Herðubreiðarplan.

### Brunaæfingar - almennt

Nauðsynlegt er að kynna sér teikningar af útgönguleiðum ef bruni verður. Ef brunavarnarkerfið fer í gang, ber kennurum að ganga strax úr skugga um hvort eldur eðareykur er í námunda við skólastofuna. Kennara ber að hlýða kalli og koma börnunum út úr skólanum samkvæmt teikningu. Börnin taki einungis með sér skófatnað og yfirhöfn ef tími vinnst til.

Börnin eiga að ganga út í röð, hægt og rólega og út á Herðubreiðarplan og vera þar í stafrófsröð hjá kennara sínum þangað til annað er ákveðið. *Ath! Bent hefur verið á að stundum er það regla að hvert barn sé með „tjekk“ á næsta barni á eftir sér í stafrófinu og að sá síðasti í stafrófinu sé með „tjekk“ á þeim fyrsta og þannig verði menn fyrr varir við ef einhvern vantar(ekki þannig að þu fari að leita að félögum sínum heldur láti kennarann vita).*

Kennarinn er alltaf síðastur út og hefur kladdann meðferðis. Þegar hann telur að allir séu komnir út les hann upp og merkir við. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leita upplýsinga hjá kennurum hvort allir eru komnir út og tilkynna hvenær hættuástandi er aflétt. Um annað starfsfólk gildir sú regla að hjálpa þeim kennara sem næst þeim er á líðandi stund og fylgja börnunum út.

Æskilegt er að hafa brunaæfingu á hverju ári (í hverjum mánuði)!

### Gátlisti ef bruna ber að höndum

- Kennari skal þreifa hurðarnar á stofunni til þess að athuga hvort þær eru heitar.
- Kennarar verða að hlýða kalli tafarlaust og koma börnunum út úr skólanum samkvæmt teikningu.
- Kennari er alltaf síðastur út.
- Börnin taka einungis með sér skófatnað og yfirhafnir ef tími vinnst til.



Seyðisfjarðarskóli

- Börnin eiga að ganga út í röð, hægt og rólega, að Herðubreiðarplani og vera þar hjá kennara sínum þangað til annað er ákveðið.
- Þegar út er komið eru nöfn nemenda lesin upp úr kladda
- Kennarar láta skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra vita strax ef einhvern vantar.